Maí 2025

Hvatarblaðið

Fundargerðir

Sveitarstjórn
589. fundur

Sveitarstjórn
590. fundur

Slökkvistöð rís á Borg

Vorfundur Brunavarna Árnessýslu bs. samþykkti í gær að undirbúa rekstur slökkvistöðvar á Borg í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps fagnar niðurstöðum vorfundarins og hlakkar til að efla starfsemi Brunavarna Árnessýslu í sveitarfélaginu.
Í sveitarfélaginu er stærsta frístundahúsabyggð landsins, en hér eru 22% allra frístundahúsa á landinu og það eru því ríkir almannahagsmunir að viðbragðstími hjá viðbragðsaðilum sé með besta móti sem hægt er bæði fyrir íbúa og fasteignaeigendur.

Sveitarfélagið stefnir á að byggja u.þ.b. 200 m2 hús til leigu fyrir starfsemi Brunavarna Árnessýslu og stefnt er að því að taka húsnæðið í notkun á árinu 2026.
Slökkvistöðin verður á Þinggerði 1, sem er lóð í eigu sveitarfélagsins og staðsett við Grímstorg og við Sólheimaveginn.
Áætlað er að gerður verði sérstakur samningur um afnot af húsnæðinu með möguleika á kaupum í framtíðinni.

Sauðfjárbændur athugið!

Þeir bændur sem hyggjast ekki senda fé á fjall eða nýta önnur sameiginleg beitarsvæði í sumar eru vinsamlegast beðnir um að gera viðvart á rafræna eyðublaðinu sem má nálgast hér, fyrir 1. júní 2025, samkvæmt reglum um fjallskil í sveitarfélaginu.

Fyrir frekari upplýsingar eða aðstoð, vinsamlegast sendið póst á steinar@gogg.is eða hringið í síma 480-5500.

,,Fagra veröld,,

Er yfirskrift vortónleika Kammerkórs Reykjavíkur.
Fyrstu tónleikar kórsins verða á sumardaginn fyrsta 24. apríl í Laugarneskirkju v/ Kirkjuteig í Reykjavík og samanstendur söngskráin af fallegum íslenskum sönglögum,
þar sem kórinn er að fara í söngferð til Spánar í júní.

Síðan verður haldið til Sólheima í Grímsnesi þann 17. maí og verður kórinn með tónleika þar kl: 14.00 í Sólheimakirkju,
og munum flytja það prógramm sem flutt verður á Spáni.

En 15. júní liggur leið kórsins í söngferð til Nerja á Spáni .
Kórinn mun halda tvenna tónleika fyrst í Nerja þar sem kórinn mun dvelja á meðan ferðinni stendur.
Fyrstu tónleikar verða 17. júní í St Michael's Church í Nerja.
En seinni tónleikarnir verða 18. júní í Museo del Vidrio y Chistal de Malaga og er það glerlitasafnið í Malaga.

Kórinn hefur starfað yfir tuttugu ár og er hann skipaður 16 söngvurum, innan kórsins eru 5 einsöngvarar.

Öflug starfsemi er hjá kórnum æft einu sinni í viku og tekist er á við ýmis verkefni bæði innlend sem erlend, haldnir eru tvennir tónleikar á ári vortónleikar og svo jólatónleikar.

Stjórnandi kórsins er Sigurður Bragason kórstjóri og söngvari.

BRUNAVARNIR ÁRNESSÝSLU

Okkur vantar fleiri

Slökkviliðsmenn í dagvinnu

HÆFNISKRÖFUR:

- Stúdents- eða sveinspróf skilyrði
- Aukin ökuréttindi skilyrði (vörubifreið)
- Rútupróf og vinnuvélaréttindi æskileg
- Góð íslenskukunnátta
- Góðir líkamsburðir
- Andlegt/líkamlegt heilbrigði
- Góð heyrn og sjón, rétt litaskyn
- Laus við lofthræðslu og innilokunarkennd
- Færni í samskiptum, frumkvæði og geta til að vinna undir álagi
- Almenn reglusemi og háttvísi

UM STÖRFIN:

Brunavarnir Árnessýslu auglýsa laus störf í útkallslið á dagvinnutíma.

Starfsmenn slökkviliðsins taka að sér ýmis störf tengd starfsemi slökkviliðsins auk þess að starfa á útkallssviði.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Landsambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna.

Allir áhugasamir eru hvattir til að sækja um, óháð kyni.

Starfsstöðin er á Selfossi en starfsvæðið er öll Árnessýsla.

FYLGIGÖGN:

- Ljósrit af báðum hliðum ökuskírteinis
- Prófskírteini
- Nýleg passamynd
- Ferilskrá og kynningarbréf
- Sakavottorð
- Ökuferilsskrá
- Læknisvottorð

INNTÖKUFERLI:

- Hlaupapróf
- Þrek- og styrktarpróf
- Starfstengd verkefni
- Próf v innilokunarkenndar og lofthræðslu
- Skriflegt próf
- Akstursþróf
- Læknisviðtal
- Viðtal

UMSÓKN:

Umsóknir berist á netfangið larus@babubabu.is merktar "Slökkviliðsmaður 2025"

Nánari upplýsingar á heimasíðu Brunavarna Árnessýslu www.babubabu.is og á netfanginu larus@babubabu.is

UMSÓKNAFRESTUR TIL 12. MAÍ 2025

www.babubabu.is facebook.com/babubabu.is Árvegur 1, 800 Selfoss

Brunavarnir Árnessýslu er með höfuðstöðvar á Selfossi og sjö aðrar slökkvistöðvar víðsvegar um sýsluna.
Liðið telur um 120 hlutastarfandi slökkviliðsmenn.

www.babubabu.is facebook.com/babubabu.is Árvegur 1, 800 Selfoss

Taktu daginn frá

Samtök orkusveitarfélaga boða til orkufundar sem snýr að einu af stærstu viðfangsefnum samtímans: orkumálum og hvernig sveitarfélög og ríki geta sameinað krafta sína.

Orkufundur er vettvangur fyrir sveitarstjórnarfólk, starfsfólk aðildarsveitarfélaga og aðra áhugasama til samtals um hlutverk, áskoranir og framtíðarsýn í orkumálum.

Nánari dagskrá verður send út síðar

kl. 9:00-12:00, mánudaginn 26. maí, Hljómahöllin, Reykjanesbæ

AÐALFUNDUR

Skógræktarfélags Grímsneshrepps
Verður fimmtudaginn 8. maí KL. 20.00
Í Félagsheimilinu Borg

Hvetjum áhugasama til að koma og ganga í félagið

Dagskrá: Venjuleg aðalfundarstörf,
þar á meðal kosning gjaldkera.

Stjórn Skógræktarfélags Grímsneshrepps

HEILSUEFLANDI SAMFÉLAG
Grímsnes- og Grafningshreppur
vellíðan fyrir alla

Lýðheilsu- og æskulýðsnefnd og stýrihópur heilsueflandi samfélags óska eftir tilnefningum til hvatningarverðlauna vegna heilsueflandi verkefna og starfa.

Í leiðinni minnum við á að hægt er að sækja um styrki fyrir heilsueflandi verkefni en allar upplýsingar um styrkinn má finna á heimasíðu sveitarfélagsins.

Tilnefningar má send á heilsu- og tómstundafulltrúa á netfangið ottar@gogg.is eða í síma 4805515.

Einnig má senda á sama netfang spurningar og ábendingar varðandi heilsueflandi samfélag.

Upplýsingar um styrkinn.

HEIMSMARKMIÐIN
um sjálfbæra þróun

Málþing um framtíð kolefnismarkaða

Sólheimum,
Grímsnesi

Föstudaginn
9.maí 2025
kl 11:00

Sól*Kol

SÓLHEIMAR
SJÁLFBÆRT SAMFÉLAG

KOLEFNISBRÚIN

BÆNDASAMTÖK
ÍSLANDS

Skráning á kolefnisbru.is

Dagskrá

Framsaögumaður	Titill	Efni erinds
Sigurjón Örn Þórðarson	Sólheimar	Velkomin á Sólheima
Jóhann Páll Jóhannsson	Ráðherra loftslagsmála	Ávarp
Jóhann Gísli Jóhannsson	Kolefnisbrú	Markmið Kolefnisbrúar
Gunnar Sveinn Magnússon	Deliotte	Fyrirkomulag og tækifæri kolefnismarkaða
Rakel Eva Sævarsdóttir	Trail -sjálfbærniráðgjöf	Samtal við stjórnendur fyrirtækja
Guðmundur Sigbergsson	ICR- Loftslagsskrá	Loftslagsskrá
Þröstur Eysteinsson	Frv. skógræktarstjóri	Loftslagsbreytingar og skógrækt
Páll Sigurðsson	LOGS	Rækt í sátt við landið
Eiður Eyþórsson	Sólheimar	Ræktun á Sólheimum
Kristin Sveiney Baldursdóttir	LOGS	Líffjölbreytileiki í skógrækt
Björgvin Eggertsson	Garðyrkjuskólinn /FSU	Tré eru meira en kolefni
Magnús Salberg Óskarsson	Samskip	Ábyrg fyrirtæki
Ásmundur Skeggjason	Skógálfar	Reynsla af skógrækt og sala kolefniseininga
Ragnheiður Björk Halldórsdóttir	BÍ	Aðkoma bænda
Valgeir Backman	Sólheimar	Vegaferð Sólheima
Hreinn Óskarsson	LOGS	Samantekt

kolefnisbru.is

NÁNARI UPPLÝSINGAR OG SKRÁNING HÉR

Ljómi

Ljómi er rafspunadúó sem sérhæfir sig í sveimandi raftónlist sem búin er til á einingahljóðgervla. Þeir eru innblásnir af því hvernig hljóð hreyfist og ætla að taka hlustandann á hljóðrænt ferðalag um framandi heima.
Verið velkomin í skynörvun sem leiðir þig á áður óskráðar slóðir.

Sólheimakirkja

Rafhugleiðsla
3 maí 14:00

Jesper Pedersen

Óskar Þór Arngrímsson

GRÆNA KANNAN - KAFFIHÚS

VERSLUNIN VALA

OPNUNARTÍMI GRÆNU KÖNNUNNAR OG VÖLU

ALLA VIRKA DAGA

11:00 - 16:00

HELGAR OG HELGIDAGA

11:00 - 17:00

MÖTUNEYTI OPIÐ ALLA VIRKA DAGA FRÁ 11:30 TIL 13:00

Gleðilegt

SUMAR

JÞ Verk
Jarðvinnuverktaki

Nú er árið 2025 gengið í garð og komið að því að bóka niður verkefni fyrir komandi vor og sumar í Grímsnesi og nærliggjandi svæðum.

- Tökum að okkur allt frá upphafi framkvæmda og að síðasta frágangi umhverfis hús og lóðarvinnu.
- Vegir og plön
- Húsgrunnar
- Fyllingar í púða og sökkla
- Lagnaskurðir
- Fleygun
- Drenlagnir
- Niðursetning rotþróa
- Göngustígagerð
- Almenn lóðavinna
- Girðingavinna
- Bíla og tækjaflutningar
- Og margt fleira
- Til verkefna höfum við eftirfarandi tækjabúnað.
- Gröfur frá lítilli 2,8 tonna beltavél upp í 35 tonn
- Fleygar á 2,8 - 8,5 og 25 tonna vélar
- Vörubíla og dráttarvél til efnisflutninga
- Vélhjólbörur
- Jarðvegstætara á dráttarvél fyrir þýft land
- Jarðvegsþjöppur
- Hæðarlaser
- Vatnsdælu
- Keðjusög
- Steinsög, brotvélar og ýmis önnur verkfæri.

Ekki hika við að hafa samband ef þú hefur einhverjar spurningar í síma 848-1123 í skilaboðum eða á johannes@jthverk.is

Dagatal Kvenfélags Grímsneshrepps 2025

16. – 21. maí	Kvenfélagskonur til Cornwall
27. maí	Vorgleði í Mörkinni
17. júní	Fjallkonan og kaffihlaðborð
júní/júli	Undirbúningur fyrir Grímsævintýri
júní/júli	Samverustund í Alviðru
ágúst	Vinnudagar fyrir Grímsævintýri
23. ágúst	Grímsævintýri
11. sept.	Haustfundur
4. okt.	Skiptimarkaður
30. okt.	Grímuball
23. nóv.	Jólabingó
27. nóv.	Jólafundur

1919 Kvenfélag Grímsneshrepps

Kæru félagskonur, endilega takið dagana frá og merkið í dagatalið.

Bókasafn / Library
Grímsnes- og Grafningshrepps

Opnunartímar í maí/
Opening hours in mai:

Mánudaga / Mondays	Kl. 15:00 - 16:30
Miðvikudaga / Wednesdays	Kl. 15:30 - 16:30

Kvöldopnun / Evening hours:

Þriðjud./ Tuesday	13. maí kl. 19:30 - 21:30	Handverkskvöld
Fimmtud./ Thursday	15. maí kl. 19:30 - 21:30	Kvöldopnun
Þriðjud./ Tuesday	27. maí kl. 19:30 - 21:30	Opið hús 60+

Vegna framkvæmda þarf að ganga undir tengibrú á milli stjórnsýsluhúss og skólabyggingar og beygja til hægri til þess að komast á bókasafnið.

Öll velkomin :)

Grímsnes- og Grafningshreppur

Sumaropnun

Sumaropnunartími gámastöðvarinnar
Seyðishólum frá 1. maí til 31. ágúst

Mánudaga	Þriðjudaga	Miðvikudaga	Fimmtudaga	Föstudaga	Laugardaga	Sunnudaga
Lokað	13-16	Lokað	13-16	13-16	10-16	Lokað

Vetraropnun

Vetraropnunartími gámastöðvarinnar
Seyðishólum frá 1. september til 30. apríl

Mánudaga	Þriðjudaga	Miðvikudaga	Fimmtudaga	Föstudaga	Laugardaga	Sunnudaga
Lokað	13-15	Lokað	13-15	Lokað	13-16	Lokað

Athugið að ofangreindur opnunartími breytist við stórhátíðir.

Lokað er á gámastöðinni eftirtalda daga: Nýársdag – Föstudaginn langa – Páskadag – Frídag verkamanna 1. maí – Hvítasunnudag – 17. Júní – Þorláksmessu – Aðfangadag jóla – Jóladag – Annan í jólum og Gamlársdag.

OPIÐ ER FYRIR LOSUN HEIMILISSORPS
ALLAN SÓLARHRINGINN

ÍÞRÓTTAMIÐSTÖÐIN Borg

vetraropnun

Frá 18. ágúst 2024- 1. júní 2025

Mánudaga - fimmtudaga kl. 14:00 - 21:30

Föstudaga Lokað

Laugardaga og sunnudaga 10:00 - 18:00

sumaropnun

1. júní 2025 -18. ágúst 2025

Mánudaga - fimmtudaga kl. 10:00 - 21:30

Föstudaga, laugardaga og sunnudaga 10:00 - 18:00

Hætt er að hleypa ofan í laugina
20 mínútum fyrir lokun

Heimasíða: www.gogg.is
Netfang: sundlaug@gogg.is
Sími 480 - 5530

RITSTJÓRI HVATARBLAÐSINS LINDA SVERRISDÓTTIR	ÁBYRGÐARMAÐUR ÞÓRLEIF HOFFMANN GUNNARSDÓTTIR
Efni í blaðið þarf að berast fyrir 28. hvers mánaðar á netföngin: linda@gogg.is eða gogg@gogg.is	https://www.gogg.is/